

## Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 1. júlí 2020

23. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hófst fundur klukkan 14.00.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Þorkell Gíslason.

### Fundargerð:

#### 1. Fræðslu- og uppeldismál

- Oddviti upplýsir um stöðu mála varðandi viðhald og uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð.
- Umsókn um framlengingu á skólavist á Akureyri fyrir Matthildi Ingimarsdóttur og Árna Þór Eyþórsson samþykkt.

#### 2. Fjárhagsleg málefni

Lagðar fram nýjar og endurskoðaðar áætlanir um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/06/24/Nyjar-og-endurskodadar-aaetlanir-um-framlog-ur-Jofnunarsjodi-sveitarfelaga/>

#### 3. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 885. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 56. fundar stjórnar SSNV, 2. júní 2020.

#### 4. Illgresishreinsun í Akrahreppi.

Lagt fram erindi frá húsverði Héðinsmennis og öðrum varðandi illgresishreinsun í hreppnum.

*Hreppsnefnd vísar erindinu til umhverfisnefndar.*

#### 5. Jafnréttisáætlun Akrahrepps 2020-2023

Lögð fram til kynningar og samþykktar.

*Hreppsnefnd samþykkir Jafnréttisáætlun Akrahrepps 2020-2023 og hvetur íbúa til þess að kynna sér áætlunina á heimasíðu sveitarfélagsins.*

#### 6. Tilboð frá Víðimelsbræðum í lagfæringu á Kjálkavegi framan Stekkjarflata.

*Hreppsnefnd samþykkir framkomið tilboð með því skilyrði að samkomulag náist við landeigendur. Kaflinn frá Stekkjarflötum að Merkgili er styrkvegur og leitað verður styrkja til Vegagerðarinnar næst þegar opnað verður fyrir umsóknir.*

#### 7. Erindi frá sóknarnefnd Silfrastaðakirkjugarðs

Sóknarnefnd Silfrastaðakirkju óskar eftir þátttöku svf. í viðhaldi á hleðslu og stígum kringum kirkjugarðinn (með vísan í reglugerð um kirkjugarða).

*Oddvita falið að kalla eftir meiri upplýsingum. Erindi frestað þar til síðar.*

#### 8. Sumarstarf 2020 – hnitsetning gönguleiða í Skagafirði.

Oddviti upplýsir um framgang verkefnis. Lena Heinze var ráðin í starfið og hóf hún störf 1. júní. Um er að ræða 100% starf í tvo mánuði. Sjá um verkefnið m.a. hér:

<https://www.northiceland.is/is/afthreying/gonguleidir>

#### **9. Málefni aldraðra í Akrahreppi**

Umræður um stöðu málefna aldraðra í hreppnum, þjónustutilboð og eftirfylgni.

*Oddvita falið að bóka fund með fulltrúa frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og forstöðumanni dagvalar aldraðra til þess að fara yfir málin.*

#### **10. Næstu fundir hreppsnefndar**

Oddviti leggur til að næsti fundur verði haldinn 19. ágúst 2020 og svo áfram fyrsta miðvikudag í mánuði frá og með 2. október. Öll brýn erindi verða afgreidd eins og nauðsyn krefur.

#### **11. Önnur mál**

Sumarlokun skrifstofu Akrahrepps er fyrirhuguð frá og með föstudeginum 17. júlí og fram yfir Verslunarmannahelgi. Oddviti mun aðeins sinna brýnum erindum á því tímabili.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 16.30